

Yfirborð brúa – Nóvember 2017. Helgi S. Ólafsson og Gylfi Sigurðsson, Vegagerðin.

Þegar kemur að yfirborði brúa, má það teljast „hefðbundið“ að efsti hluti burðarvirkisins sé einnig slitlag sem ekið er á. Vandamál við það hafa m.a. verið að erfitt er að ná nægilegum sléttleika til að þægilegt sé að aka á brúnni. Í þessu verkefni voru skoðaðir valkostir við þessa aðferð, kostir þeirra og gallar metnir, auk þess sem núvirtur líftímakostnaður aðferðanna var borinn saman. Valkostirnir voru að steypa sérstakt slitlag jafnframt því að burðarvirki er steyppt (blautt í blautt), leggja þéttilag og malbika yfir það og í þriðja lagi að leggja sérstakt tiltölulega þunnt steyppt slitlag úr 40-50 mm slitsterkri steypu yfir burðarvirkið.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur meðal annars fram að í ljós kom að ekki voru margir kostir í stöðunni til að endurbæta „hefðbundnu“ aðferðina og því var það ekki skoðað nánar. Því er eindregið lagt til að víkja frá þessari aðferð og leggja fremur sérstakt slitlag. Jafnframt er bent á að íhuga hvort unnt sé að breyta þeim brúm sem þegar eru í farvegi, en samkvæmt útreikningum er það ekki íþyngjandi í kostnaði.

Meðal kosta sem það hefur í för með sér að víkja frá „hefðbundnu“ aðferðinni, er að það tryggir sléttara yfirborð og betri aksturseginnleika og eykur þannig öryggi vegfarenda. Þá er bent á að með sérstöku slitlagi er einnig komið fyrir varnarlag í yfirborð brúar, sem verndar burðarvirki, sérstaklega kapla og bendingu. Útreikningar sýna líka að kostnaður á líftíma mannvirkisins verður mun lægri ef sérstöku slitlagi er komið fyrir, en í reynd er verið að ýta kostnaði yfir á framtíðina með „hefðbundnu“ aðferðinni.